



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda og fjölda umsókna
um þjónustu til Barnaverndarstofu á
árunum 2018 - 2020

Febrúar 2021

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2018, 2019 og 2020. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2018, 2019 og 2020.

Frá og með 1. janúar 2020 hóf Barnaverndarstofa að bjóða upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Endurspeglar tölurnar vegna ársins 2020 því þær breytingar á skráningu þar sem það á við.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 15,8% á árinu 2020 miðað við árið á undan en alls bárust 13.142 tilkynningar. Ef miðað er við árið 2018 er fjölgun tilkynninga enn skarpari eða 28,7%. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum en hlutfallslega fjölgaði tilkynningum mest á landsbyggðinni, eða 17,9% á milli ára. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2020 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 43,1% tilkynninga. Þetta hlutfall var 42% árið 2019 en 41,5% árið 2018. Tilkynningum vegna ofbeldis fjölga á milli ára en árið 2020 bárust 25,9% fleiri tilkynningar vegna ofbeldis en árið áður. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á árinu 2020 var 28,6% af öllum tilkynningum sem bárust og er það hærra hlutfall en hefur verið síðustu ár. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis árið 2019 var 26,4% og 25,4% árið þar á undan. Fjöldi tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna árið 2020 var svipaður og árið þar áður en vegna fjölgunar á tilkynningum almennt var hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna heldur lægra en undanfarin ár eða 27,1%. Þetta hlutfall var 30,9% árið 2019 og 32,0% árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 16,1% á árinu 2020 en var 14,4% á árinu 2019 og 13,7% árið á þar á undan. Flestar tilkynningar sem bárust vegna ofbeldis vörðuðu tilfinningalegt ofbeldi en hlutfall þeirra af heildarfjölda tilkynninga árið 2020 var 18,6%, samanborið við 16,8% árið á undan og 15,5% árið 2018. Þá jókst einnig hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða en slíkar tilkynningar voru 8,9% allra tilkynninga árið 2020 samanborið við 8% árið 2019 og 7,3% árið þar á undan.

Líkt og fyrri ár bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, eða 38,8% allra tilkynninga árið 2020. Þetta hlutfall var 41,9% árið 2019 og 42,6% árið þar á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2020 var 10.400 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 9.054 börn og 8.040 börn á árinu 2018. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á árinu 2020 miðað við árið á undan en þær voru 154 árið 2019 og 168 árið 2020. Fjöldi umsókna um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu var 174 umsóknir árið 2018. Flestar umsóknir bárust um fjölkerfameðferð (MST) eða 70,2% umsókna árið 2020. Er það nokkuð hærra hlutfall en árin á undan.

Flestar umsóknir um meðferðarúrræði bárust frá landsbyggð, eða 40,5% árið 2020. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur og er það í takt við fyrri ár.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili var svipaður á milli ára en þær voru 165 árið 2020 miðað við 163 árið 2019. Beiðnir um fósturheimili voru 120 árið 2018. Hlutfall beiðna milli landshluta helst svipað og árið 2019, en árið 2020 bárust flestar beiðnir frá Reykjavík, 38,2% allra beiðna.

Fleiri beiðnir bárust vegna stúlkna eða 52,1% árið 2020 og er það breyting frá árunum áður.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði um 30% á milli ára 2019 og 2020, úr 257 í 334. Árið 2018 voru rannsóknarviðtöl 236. Skýrslutökur fyrir dómi voru 220 á árinu 2020, 150 árið á undan og 128 árið 2018. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 107 árið 2019 í 114 árið 2020, en 2018 voru þau 108. Greiningar- og meðferðarviðtöl voru 133 á árinu 2020, en 107 árið 2019 og 108 árið 2018. Þá voru stúlkur í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl og á það við um öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 220 í 152 á árinu 2020 miðað við árið á undan. Árið 2018 voru vistanir 226. Þá fækkar vistunardögum mikið á milli ára úr 1.157 árið 2019 en voru 754 árið 2020. Árið 2018 voru vistunardagar 1.180. Árið 2020 komu alls 69 börn á lokaða deild en þau voru 82 árið 2019 og 83 árið 2018.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði miðað við árið á undan, en þær voru 59 árið 2020 en 2019 voru þær 47. Umsóknir til að gerast fósturforeldrar voru 72 árið 2018.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4.401	43,1	4.677	41,2	5.318	40,5
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.732	26,8	3.000	26,4	3.500	26,6
Landsbyggð ²	3.080	30,2	3.667	32,3	4.324	32,9
Samtals	10.213	100,0	11.344	100,0	13.142	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5.512	54,0	6.195	54,6	7.188	54,7
Stúlkur	4.600	45,0	5.066	44,7	5.816	44,2
Annað ¹	-	-	-	-	2	0,1
Ekki vitað ²	101	1,0	83	0,7	136	1,0
Samtals	10.213	100,0	11.344	100,0	13.142	100,0

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

²Hér getur verið um að ræða tilkynningu vegna ófæddis barns.

Fjöldi tilkynninga



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði¹

Landsvæði	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.121	38,8	3.498	38,6	3.913	37,6
Nágrenni Reykjavíkur ²	2.302	28,6	2.470	27,3	2.870	27,6
Landsbyggð	2.617	32,6	3.086	34,1	3.617	34,8
Samtals	8.040	100,0	9.054	100,0	10.400	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

² Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	4.384	54,5	4.941	54,6	5.714	55,0
Stúlkur	3.605	44,8	4.058	44,8	4.600	44,2
Annað eða ekki vitað ¹	51	0,6	55	0,6	86	0,8
Samtals	8.040	100,0	9.054	100,0	10.400	100,0

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjathyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjathyggju eða ófætt barn.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	5.791	72,0¹	6.375	70,4¹	7.289	70,1¹
Drengir	3.062	52,9	3.418	53,6	3.860	53,0
Stúlkur	2.682	46,3	2.918	45,8	3.360	46,1
Annað eða ekki vitað ²	47	0,8	39	0,6	69	0,9
Þar af nýjar kannanir	2.911	36,2¹	3.006	33,2¹	3.216	30,9¹
Drengir	1.514	52,0	1.593	53,0	1.640	51,0
Stúlkur	1.373	47,2	1.392	46,3	1.537	47,8
Annað eða ekki vitað ²	24	0,8	21	0,7	39	1,2

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjathyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjathyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Ástæður tilkynninga ²	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	4.241	41,5	4.759	42,0	5.670	43,1
<i>Drengir</i>	2.201	51,9	2.372	49,8	2.924	51,6
<i>Stúlkur</i>	2.040	48,1	2.387	50,2	2.746	48,4
Líkamleg vanræksla	223		225		249	
<i>Drengir</i>	121	54,3	121	53,8	129	51,8
<i>Stúlkur</i>	102	45,7	104	46,2	120	48,2
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	3.609		4.137		5.026	
<i>Drengir</i>	1.865	51,7	2.061	49,8	2.579	51,3
<i>Stúlkur</i>	1.744	48,3	2.076	50,2	2.447	48,7
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	1.404		1.635		2.114	
<i>Drengir</i>	709	50,5	814	49,8	1.055	49,9
<i>Stúlkur</i>	695	49,5	821	50,2	1.059	50,1
Vanræksla varðandi nám	217		220		239	
<i>Drengir</i>	132	60,8	129	58,6	148	61,9
<i>Stúlkur</i>	85	39,2	91	41,4	91	38,1
Tilfinningaleg vanræksla	329		331		438	
<i>Drengir</i>	165	50,2	152	45,9	242	55,3
<i>Stúlkur</i>	164	49,8	179	54,1	196	44,7
Ofbeldi	2.592	25,4	2.990	26,4	3.765	28,6
<i>Drengir</i>	1.259	48,6	1.469	49,1	1.873	49,7
<i>Stúlkur</i>	1.333	51,4	1.521	50,9	1.892	50,3
Tilfinningalegt	1.587		1.905		2.448	
<i>Drengir</i>	791	49,8	961	50,4	1.251	51,1
<i>Stúlkur</i>	796	50,2	944	49,6	1.197	48,9
Þar af heimilisofbeldi	746		908		1.167	
<i>Drengir</i>	358	48,0	460	50,7	623	53,4
<i>Stúlkur</i>	388	52,0	448	49,3	544	46,6
Líkamlegt ofbeldi	613		681		906	
<i>Drengir</i>	358	58,4	391	57,4	522	57,6
<i>Stúlkur</i>	255	41,6	290	42,6	384	42,4
Kynferðislegt ofbeldi	449		475		515	
<i>Drengir</i>	149	33,2	147	30,9	145	28,2
<i>Stúlkur</i>	300	66,8	328	69,1	370	71,8

Áhættuhegðun barna	3.264	32,0	3.509	30,9	3.554	27,1
<i>Drengir</i>	2.047	62,7	2.354	67,1	2.379	66,9
<i>Stúlkur</i>	1.217	37,3	1.155	32,9	1.175	33,1
Neysla barns á vímuefnum	599		732		597	
<i>Drengir</i>	352	58,8	464	63,4	369	61,8
<i>Stúlkur</i>	247	41,2	268	36,6	228	38,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.299		1.247		1.318	
<i>Drengir</i>	659	50,7	733	58,8	729	55,3
<i>Stúlkur</i>	640	49,3	514	41,2	589	44,7
Afbrot barns	646		725		774	
<i>Drengir</i>	477	73,8	560	77,2	599	77,4
<i>Stúlkur</i>	169	26,2	165	22,8	175	22,6
Barn beitir ofbeldi	542		623		742	
<i>Drengir</i>	450	83,0	485	77,8	614	82,7
<i>Stúlkur</i>	92	17,0	138	22,2	128	17,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	264		340		248	
<i>Drengir</i>	160	60,6	212	62,4	142	57,3
<i>Stúlkur</i>	104	39,4	128	37,6	106	42,7
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	116	1,1	86	0,8	151	1,1
Tilkynningar alls	10.213	100,0	11.344	100,0	13.142²	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu³	514	100,0	664	100,0	881	100,0
<i>Drengir</i>	250	48,7	327	49,3	448	50,9
<i>Stúlkur</i>	252	49,0	313	47,1	411	46,7
<i>Annað eða ekki vitað⁴</i>	12	2,3	24	3,6	22	2,5


¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga koma ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 13.142 tilkynningar.

³Að mati tilkynnanda.

⁴Hér getur verið um að ræða tilkynningu vegna barns sem fellur utan kynjatvíhyggju eða tilkynningu sem hefur borist vegna ófædds barns.

Ástæður tilkynninga



Tilkynnendur

Tilkynnendur	2017		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	52	0,5	57	0,5	68	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	556	5,4	530	4,7	755	5,7
Nágrannar	672	6,6	752	6,6	1.032	7,9
Önnur barnaverndarnefnd	120	1,2	183	1,6	234	1,8
Félagsþjónusta/þjónustumiðst.	252	2,5	307	2,7	336	2,6
Lögregla	4.347	42,6	4.754	41,9	5.103	38,8
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	1.347	13,2	1.617	14,3	1.573	12,0
Leikskóli/dagforeldri	221	2,2	229	2,0	247	1,9
Heilbrigðisþjónusta	1.026	10,0	1.142	10,1	1.306	9,9
Foreldrar barns	828	8,1	776	6,8	993	7,6
Aðrir	792	7,8	997	8,8	1.495	11,4
Samtals	10.213	100,0	11.344	100,0	13.142	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	39	22,4	28	18,2	34	20,2
Önnur meðferðarheimili*	19	10,9	21	13,6	16	9,5
MST	116	66,7	105	68,2	118	70,2
Samtals	174	100,0	154	100,0	168	100,0

* Laugaland og Lækjarbakki.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	57	32,8	58	37,7	60	35,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	54	31,0	40	26,0	40	23,8
Landsbyggð	63	36,2	56	36,4	68	40,5
Samtals	174	100,0	154	100,0	168	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	107	61,5	97	63,0	99	58,9
Stúlkur	67	38,5	57	37,0	69	41,1
Samtals	174	100,0	154	100,0	168	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	67	55,8	98	60,1	95	57,6
Varanlegt	28	23,3	33	20,3	41	24,8
Styrkt	25	20,8	32	19,6	29	17,6
Samtals	120	100,0	163	100,0	165	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	36	30,0	63	38,7	63	38,2
Nágreppi Reykjavíkur ¹	37	30,8	47	28,8	45	27,3
Landsbyggð	47	39,2	53	32,5	57	34,5
Samtals	120	100,0	163	100,0	165	100,0

¹Nágreppi Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	64	53,3	82	50,3	78	47,3
Stúlkur	56	46,7	81	49,7	86	52,1
Ekki vitað ¹	-	-	-	-	1	0,6
Samtals	120	100,0	163	100,0	165	100,0

¹Umsókn getur borist vegna ófædds barns hvers kyn er ekki vitað.

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	2018	2019	2020
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	236	257	334
a. Skýrslutökur	128	150	220
Vegna kynferðislegs ofbeldis	85	105	115
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	43	45	105
b. Könnunarviðtöl	108	107	114
Þar af við fylgdarlaus börn	3	6	5
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáradila ³	0	3	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	108	107	133
Læknisskoðanir	12	5	0

Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á árinu 2018, í tveimur tilvikum á árinu 2019 og í sex tilvikum árið 2020.

Kyn barna í Barnahúsi¹

Kyn	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	100	42,4	81	31,5	124	37,1
Stúlkur	136	57,6	176	68,5	210	62,9
Annað ²	-	-	-	-	0	0
Samtals	236	100,0	257	100,0	334	100,0

¹ Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum¹

	2018	2019	2020
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	226	220	152
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	1.180	1.157	754
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	72
Fjöldi einstaklinga	83	82	69

Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

Kyn	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	49	59,0	51	62,2	50	72,5
Stúlkur	34	41,0	31	37,8	19	27,5
Annað ¹	-	-	-	-	-	-
Samtals	83	100,0	82	100,0	69	100,0

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2018		2019		2020	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	39	54,2	28	59,6	22	37,3
Vesturland	8	11,1	3	6,4	3	5,1
Vestfirðir	2	2,8	1	2,1	2	3,4
Norðurland	6	8,3	6	12,8	10	16,9
Austurland	6	8,3	1	2,1	3	5,1
Suðurland	9	12,5	4	8,5	11	18,6
Reykjanes	2	2,8	4	8,5	7	11,9
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	1	1,7
Samtals	72	100,0	47	100,0	59	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.